

**Fundargerð**

Verknr. 1156

4. fundur svæðisskipulagsnefndar – skjáfundur

Miðvikudaginn 24. ágúst 2016, kl. 16:00-17:30

24.8.2016

**Fundarefni:** Kynning verkefnislýsingar, umsagnar um hana, greiningarvinna og samráðsfundur.

**Fundarmenn:** Á skrifstofu Reykhólahrepps: Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Karl Kristjánsson og Ágúst Már Gröndal. Á skrifstofu Dalabyggðar: Sveinn Pálsson, Halla Steinólfsdóttir og Hörður Hjartarson. Á skrifstofu Strandabyggðar: Andrea K. Jónsdóttir, Ingibjörg Emilsdóttir og Haraldur V.A. Jónsson.

**Ráðgjafar Alta:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir á skrifstofu Alta í Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

**Fundarritari:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Kynning verkefnislýsingar og umsagnir um hana.
2. Greiningarvinna.
3. Samráðsfundur í haustbyrjun.
4. Önnur mál.

**1. Kynning verkefnislýsingar og umsagnir um hana**

*Kynning og umræður:* Matthildur fór yfir kynningu og auglýsingu verkefnislýsingar og umsagnir um hana. Lýsingin var afgreidd á fundi svæðisskipulagsnefndar 1. júní 2016 og send til Skipulagsstofnunar til umsagnar með bréfi dags. 8. Júní 2016 og með tölvupósti til rúmlega 90 aðila sem listaðir eru á bls. 15 í lýsingunni.

Umsagnir um lýsinguna bárust frá eftirtöldum aðilum, auk umsagnar Skipulagsstofnunar, dags. 23. júní 2016, sem fjallað er um sérstaklega hér síðar:

- Breiðafjarðarnefnd, dags. 15.8.2016.
- Búnaðarsamtök Vesturlands, ódags., mótt. 24.6.2016.
- Hafrannsóknastofnun, dags. 20.6.2016.
- Isavia, dags. 29.6.2016.
- Landsnet, dags. 7.7.2016.
- Minjastofnun Íslands, dags. 24.6.2016.
- Orkubú Vestfjarða, símtal dags. 8.6.2016.
- Skógræktin, dags. 12.7.2016.
- Umhverfisstofnun, dags. 13.7.2016

Auk kynningar með tölvupósti var lýsingin kynnt og birt á vef verkefnisins, samtakamattur.is og á Facebook-síðu þess þann 7. júní og lá þar frammi í allt sumar. Til stóð að auglýsingar um lýsinguna og hvar væri hægt að kynna sér hana, birtust í blaðinu Vestfirðir og Vesturlandsblaðinu í júní og á vefsíðum sveitarfélaganna, en vegna mistaka birtist einungis auglýsing á vef Dalabyggðar.

## *Umsögn Skipulagsstofnunar*

Skipulagsstofnun leggur til eftirfarandi í umsögn sinni:

1. Að aflað verði gagna sem lúta að gæðum landbúnaðarlands, ræktuðum svæðum, þ.m.t. skógræktarsvæðum og nýtingu sjávarfangs og öðru sem tengist stöðu atvinnumála í samræmi við tilgang svæðisskipulagsins um að styrkja atvinnulíf og byggð.
2. Að við uppbyggingu forsendugrunns verði umfang og áherslur svæðisskipulagsverkefnisins afmarkað skýrar út frá því hvaða málaflokkar kalla á sameiginlega sýn og samræmda stefnumörkun á neðri skipulagsstigum.
3. Að matslýsing verði kynnt með þeim hætti að samráðsaðilar fái tækifæri til að koma að verkefninu.
4. Að Ferðamálastofu, Skógrækt ríkisins, Breiðafjarðarnefnd, aðliggjandi sveitarfélögum og atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti verði bætt á lista yfir samráðsaðila.

### *Viðbrögð við ábendingum Skipulagsstofnunar:*

#### *1. Gögn um gæði landbúnaðarlands, ræktuð svæði og nýtingu sjávarfangs*

Í verkefnislýsingu kemur fram að við mótun svæðisskipulagsins verði lögð sérstök áhersla á umfjöllun um tækifæri svæðisins í ferðaþjónustu, landbúnaði og nýtingu sjávarfangs. Í þeim tilgangi verði litið til auðlinda og sérkenna svæðisins og gerð grein fyrir öllum helstu sviðum samfélags og atvinnulífs og tiltæk landupplýsingagögn nýtt. Í lýsingu (bls. 9-11) eru sýnd dæmi um landupplýsingagögn, en á vefnum [www.samtakamattur.is](http://www.samtakamattur.is) hafa verið birt fleiri kort sem einnig verða nýtt, þ.m.t. jarðir og landnýting, sem sýnir tún og skóglendi <http://www.samtakamattur.is/#!kortasafn/ksmgj> og eru þær upplýsingar frá Landbúnaðarháskóla Íslands og LMÍ. Til viðbótar verður aflað upplýsinga um jarðir sem hafa samning við Vesturlandskóga og Skjólkóga á Vestfjörðum en 1. júlí sl. tók SKÓGRÆKTIN (<http://www.skogur.is/>) við hlutverki og skyldum Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt. Í Skóglendisvefsjá Skógræktarinnar má sjá allt skóglendi á Íslandi, frá birkikjarri til ræktaðra skóga, sjá <http://www.skogur.is/forsida/nr/1979>. Í heimildaskrá verkefnislýsingar er einnig tilgreind eftirfarandi skýrsla sem verður nýtt við greiningu svæðisins eftir því sem við á: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. (2010). Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi.

Við greiningu á nýtingu sjávarfangs verða nýtt tiltæk gögn um Breiðafjörð, s.s. af vef Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vesturlands. Skýrsla Atvest frá 2014 um sjávarútveg á Ströndum ([http://atvest.is/utgafa\\_og\\_skyrslur/](http://atvest.is/utgafa_og_skyrslur/)) verður rýnd og leitað verður til heimamanna um frekari heimildir, s.s. varðandi nýtingu fjöru- og sjávarhlunninda.

#### *2. Umfang og áherslur m.t.t. sameiginlegrar sýnar og samræmdrar stefnumörkunar*

Annar áfangi skipulagsverkefnisins, sbr. kafla 4.3 í verkefnislýsingu, er greining á svæðinu m.t.t. auðlinda, sérkenna, möguleika og áskorana. Á grunni greiningar í 2. áfanga verkefnisins verður umfang svæðisskipulagsins mótað nánar og áherslur við stefnumótun skýrðar nánar. Afrakstur 2. áfanga er greiningarskýrsla sem verður kynnt og auglýst.

#### *3. Kynning matslýsingar*

Matslýsing verður unnin á grunni greiningar í 2. áfanga verkefnisins en þá verður betur ljóst hver helstu stefnumál verða. Nauðsynlegt er að það liggi fyrir til að hægt sé að vinna matslýsingu. Greiningarskýrsla ásamt matslýsingu verður kynnt og auglýst.

#### *4. Samráðsaðilar*

Aðliggjandi sveitarfélög, Skógræktin og Breiðafjarðarnefnd fengu lýsingu til umsagnar í sumar en aðrir aðilar sem Skipulagsstofnun tilgreinir voru ekki á listanum vegna mistaka. Öðrum áfanga verkefnisins lýkur með greiningarskýrslu ásamt matslýsingu og mun hún verða kynnt almenningi og allir samráðsaðilar fá hana til umsagnar.

### ***Umsagnir annarra samráðsaðila***

Í öðrum umsögnum sem bárust koma fram eftirfarandi ábendingar og verða þær teknar til skoðunar við áframhaldandi vinnslu verkefnisins.

#### *Búnaðarsamtök Vesturlands:*

1. Skoða þarf hvar stjórnýsluleg mörk svæðisins liggja, hvort svæðið tilheyrir Vestfjörðum eða Vesturlandi.
2. Bent er á að svæðið nær yfir þrjú Búnaðarsambands svæði sem eru: Búnaðarsamband Húnaþings- og Stranda, Búnaðarsamband Vestfjarða og Búnaðarsamtök Vesturlands. Þó starfsemi búnaðarsamtakanna hafi breyst mikið með tilkomu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins þá hafa búnaðarsamböndin ýmsum lögboðnum verkefnum að sinna og væri eðlilegt að þetta svæði væri undir einu búnaðarsambands svæði.
3. Huga þarf að því hvort svæðið tilheyrir Markaðsstofu Vestfjarða eða Markaðsstofu Vesturlands.
4. Hafa þarf í huga það mikilvæga hlutverk sem svæðið hefur varðandi matvælaframleiðslu bæði til sjávar og sveita. Landbúnaður á þessu svæði hefur afgerandi gildi fyrir alla byggðaðþróun á svæðinu og því er mikilvægt að leggja áherslu á uppbyggingu landbúnaðar við gerð svæðisskipulagsins.

#### *Hafrannsóknastofnun:*

1. Bent er á að í landsskipulagsstefnu kemur fram að fyrirhugað er að setja lög um skipulag haf- og strandsvæða.

#### *Isavia:*

1. Bent er á að leita umsagnar Samgöngustofu um skipulagslýsinguna þar sem Samgöngustofa sinnir ákveðinni stjórnýslu sem snýr að flugvöllum og loftferðamálum.

#### *Landsnet:*

1. Fram kemur að um svæðið liggja Hrutatungulína, Glerárskógalína, Geiradalslína og Mjólkárína og að dreifikerfi Rarik sér um aðra dreifingu raforku um svæðið.
2. Bent er á að starfandi er ráðgjafhópur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum sem gefur reglulega út skýrslu um stöðu og horfur í raforkumálum á Vestfjörðum.
3. Minnt er á að verði í svæðisskipulagi gert ráð fyrir nýjum orkuvinnslusvæðum, s.s. vatnsaflsvirkjunum eða svæðum þar sem orkufrek atvinnustarfsemi er áætluð, er þörf á öflugum flutningslínunum vegna orkuflutninga. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir línulögnum strax á fyrstu stigum og hvernig viðkomandi starfsemi tengist meginflutningskerfi landsins.
4. Bent er á að í gildandi rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er gert ráð fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. Þá er í drögum að endurskoðaðri rammaáætlun sem nú er í umsagnarferli lagt til að Austurgilsvirkjun í Skjaldfannardal fari í nýtingarflokk.
5. Minnt er á að í Kerfisáætlun 2015-2024 er bent á nauðsyn þess að hringtengja raforkukerfið á Vestfjörðum, auk þess að styrkja tengingu þess við meginflutningskerfi landsins.

#### *Minjastofnun Íslands:*

1. Bent er á að sveitarfélögin eru rík af sögu og minjum; á svæðinu eru 43 jarðir með 72 friðlýstum fornleifum. Friðlýstar fornleifar njóta sérstakrar friðunar vegna sögulegs gildis og hafa 100 m friðhelgi.
2. Bent er á að einnig er að finna aragrúa af öðrum fornleifum frá öllum tímum sem eru ekki síður merkilegri. Þær njóta friðunar í krafti aldurs og hafa 15 m friðhelgi.
3. Hvatt er til skráningar á fornleifum í sveitarfélögunum og bent á að heimildarskráning er ágætis byrjun og gæti útfærst svipað og sögu- og þjóðsagnakortin í verkefnislýsingunni. Slík skráning myndi upphefja menningarlandslag sveitarfélaganna og vera til fyrirmyndar.

*Náttúrustofa Vesturlands:*

1. Bent er á þrjár skýrslur sem nýst gætu við svæðisskipulagsgerðina: Verndaráætlun Breiðafjarðar, Skref í rétta átt – umhverfissvottun sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og Áhugaverðir fuglaskoðunarstaðir á Snæfellsnesi og Dölum.

*Orkubú Vestfjarða:*

1. Bent er á að rafveitu vantar í lista yfir innviði á mynd bls. 9.

*Skógræktin:*

1. Lagt er til að í verkefninu verði sérstaklega fjallað um vistkerfi skóga á skipulagssvæðinu.
2. Bent er á að samkvæmt nýlegri birkiskógarkönnun Skógræktarinnar eru verulegir birkiskógar í þeim sveitarfélögum sem skipulagsverkefnið nær til. Í gagnagrunni Skógræktarinnar frá 2014 má finna eftirtaldir upplýsingar um útbreiðslu birkis: Strandabyggð 3.620 ha; Dalabyggð 5.924 ha; Reykhólahreppur 9.068 ha; samtals 18.612 ha.
3. Talið er eðlilegt að í svæðisskipulagsverkefninu sé fjallað um birkiskóga og sérstöðu þeirra í þessum landshluta. Í framhaldi af því verði svo unnin áætlun um verndun þeirra og nýtingu.
4. Bent er á að verndun birkiskóganna og almenn gróðurvernd er veigamikill þáttur í alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur nýlega gengist undir með aðild sinni að Parísarsamþykktinni um loftslagsmál frá 2015.
5. Fram koma eftirfarandi upplýsingar um samningsbundna nýræktun skóga á vegum Skjólaskóga og Vesturlandsskóga (sem heyra nú undir Skógræktina):
  - Strandabyggð: 1.072 km<sup>2</sup> = 107.186 ha. 5% láglendis í Strandabyggð eru 5.359 ha. Þegar eru í gildi samningar milli 6 landeigenda í sveitarfélaginu og Skógræktarinnar um skógrækt á 372 ha lands eða 0,35% lands neðan 400 m. hæðarlínu.
  - Reykhólahreppur: 677 km<sup>2</sup> = 67.734 ha. 5% láglendis í Reykhólahreppi eru 3.387 ha. Þegar eru í gildi samningar milli 8 landeigenda í sveitarfélaginu og Skógræktarinnar um skógrækt á 277 ha lands eða 0,41% lands neðan 400 m. hæðarlínu.
  - Dalabyggð: Fjöldi landeigenda með samninga um nytjaskógrækt við Skógræktina eru samtals 32. Flatarmál samningssvæða í sveitarfélaginu samtals 3.572 ha.
6. Vakin er athygli á að gefnar hafa verið út leiðbeiningar um „Skógrækt í skipulagi sveitarfélaga“ af Skógrækt ríkisins og Skipulagsstofnun. Þær má m.a finna á vefsíðu Skógræktarinnar, [www.skogur.is](http://www.skogur.is)
7. Skógræktin er tilbúin til þess að veita eftir föngum nánari upplýsingar um ástand og stöðu skógræktar í sveitarfélögunum svo að þau geti unnið að sameiginlegri stefnumörkun um fjölbætta nýtingu og vöxt skóga á skipulagssvæðinu.

*Umhverfisstofnun:*

1. Tekið er undir áherslu á umhverfismál í skipulagslýsingunni og bent á að eyjar og fjörur innan svæðisins eru á friðlýstu svæði, Breiðafirði, sbr. lög nr. 53/1995 um vernd Breiðafjarðar.
2. Talið er að gerð sé grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillaga um svæðisskipulag gefur tilefni til.

Auk ofangreindra ábendinga sendi *Breiðafjarðarnefnd* bréf þar sem fram kom að nefndin gerði ekki athugasemdir að svo stöddu.

**Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar:** Við vinnslu greiningarskýrslu, sem er afurð 2. áfanga, verða ábendingar í ofangreindum umsögnum teknar til skoðunar. Greiningarskýrsla ásamt lýsingu á hvernig staðið verður að umhverfismati áætlunarinnar (matslýsingu) verður kynnt og auglýst í samræmi við ákvæði 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlaða og send til umsagnaraðila.

## 2. Greiningarvinna

*Kynning og umræður:* Matthildur kynnti þá greiningu á auðlindum og sérkennum svæðisins sem hefur verið unnin sl. mánuði en hún hefur m.a. falist í rýni á fyrirbyggjandi stefnuskjölum og ýmsum heimildum um svæðið og túlkun á þeim gögnum. Út frá þeirri greiningu lagði Matthildur fram drög að því hvernig mætti nálgast skilgreiningu á svæðismarki (e. regional brand) og sóknarmarkmiðum fyrir svæðið.

**Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar:** Ákveðið að nýta greininguna og drögin sem upplegg fyrir næsta samráðsfund til að fá viðbrögð og frekari hugmyndir um svæðismark og sóknarmarkmið, sjá 3. lið.

## 3. Samráðsfundur

*Kynning og umræður:* Rifjað var upp að á 3. fundi svæðisskipulagsnefndar í sumarbyrjun var ákveðið halda samráðsfund með samráðshópi sem jafnframt væri opin fyrir alla, nú í lok sumars eða haustbyrjun þar sem kynnt væru drög að greiningu á svæðinu, þau rædd og þróuð áfram.

**Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar:** Ákveðið var að halda fundinn þriðjudaginn 6. september nk. og munu skipulagsráðgjafar hjá Alta undirbúa fundinn í samráði við sveitarstjórana og svæðisskipulagsnefnd. Til fundarins verða boðaðir aðilar sem hafa verið tilgreindir í samráðshóp út frá hagsmunaaðilagreiningu en fundurinn verður einnig auglýstur á vefsíðum sveitarfélaganna og á vefsíðu og Facebook-síðu verkefnisins.

## 4. Önnur mál

*Kynning og umræður:* Fram kom að svar Skipulagsstofnunar við ósk um kostnaðarþátttöku Skipulagssjóðs hefur ekki ennþá borist.

**Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar:** Sveitarstjóri Reykhólahrepps tók að sér að hafa samband við Skipulagsstofnun og fregna af svári.

Fundi slitið 17.30